

Unglingar - handrit

Hlutverk:

- Vísindamenn: Flóki Dagsson, Auðunn Páll Gestson.
- Vinsæla stelpa (mean girl): Eyja Ástráðsdóttir, Ana Kodovic
- Auka stelpurnar: Diljá, Joana og Glóey.
- Wannbe - Matthea Júlíusdóttir
- Nörd/englastelpa: Anna Sigríður Kristinsdóttir.
- Fullkomna stelpa: Ronja Björk Bjarnadóttir.
- Tik tok legend: Ragnheiður Eyja Ólafsdóttir.
- Too cool for school (sagga): Ívar Óðinn Garcia Edduson.
- Íþróttatýpan: María Rós Sigurbjörnsdóttir.
- Emo / Hvíðni unglingurinn / Goth: Lára Rún Pétursdóttir Dam.
- Samkynhneigði strákurinn: Jörundur Orrason Reyndal
- Greta Thunberg týpan /aktivistinn: Elfur Gabriela Szabo.

Leikritið byrjar á því að hver á fætur öðrum koma karakterarnir inn og stilla sér upp. Lagið Teenage dirtbag með Wheatus spilar. Á meðan gera karakterarnir „morgunrútinu“ eins og þau séu að taka sig til að morgni til. Einn af öðrum fara karakterarnir úr sínum stöðum, labba um sviðið og koma sér svo fyrir aftur á sama stað og setjast. Uppröðunin eins og í skólastofu.

Vísindamenn koma á svið og tala beint við áhorfendur. Þeir stilla sér upp eins og þeir séu með kynningu. Kannski í þúlli á sviðinu. Á meðan sitja karakterarnir og eru í símunum sínum.

VÍSINDAMAÐUR 1

Góða kvöldið og verið hjartanlega velkomin á kynningu á niðurstöðum rannsóknum okkar á þessari ótrúlega samfélagslega vandamáli mannkynsins, unglingsnum!

VÍSINDAMAÐUR 2

Það er erfitt að vera unglingur. Og ennþá erfiðara að búa með einum slíkum. Eða svo er mér sagt.

Vísindamenn flissa.

VÍSINDAMAÐUR 3

Engin manneskja fær að flýja þetta tímabil þunglyndis, ruglingslegra tilfinninga og angistar. Það sem er áhugaverðast við þetta allt saman er að þetta tímabil, eða unglingsárin, er lengst hjá okkur mannkyninu. Önnur dýr eldast mikið hraðar en við.

VÍSINDAMAÐUR 1

Þú heldur kannski að unglingsárin okkar snúist bara um að líkaminn þróist til þess að geta búið til barn, en eins og kemur í ljós í rannsóknum okkar er að þessi hvirfilvindur af kynhormónum, sem við tengjum við unglingsárin, er aðeins lítil hluti af því sem raunverulega er að gerast í unglingslíkamanum.

VÍSINDAMAÐUR 2

Rannsóknir okkar benda til þess að mesta öngþveitið er í heilanum. Þar til nokkuð nýlega héldum við að þróun heilans væri fullkláruð í leikskóla. En í raun, þegar kynþroskaskeiðið byrjar, gengst heilinn undir gríðarlega uppbyggingu.

VÍSINDAMAÐUR 3

Þetta nemur nokkur ár af vaxtarverkjum í taugum, svo og annar sýnilegri vöxtur sem er að gerast um allan líkamann. Hvort sem þú ert að ganga í gegnum þetta tímabil núna, eða um það bil að fara í gegnum það, búðu þig undir stormasaman áratug, en mundu bara að afurð og útkoma unglingsáranna er sterkari, hraðari og flóknari heili.

VÍSINDAMAÐUR 1

Bara ef einhver hefði sagt mér þetta fyrir 20 árum

Vísindamenn flissa.

VÍSINDAMAÐUR 2

Eftir tugi ára af rannsóknum höfum við greint unglingsniður í tegundir og náð að finna efnafraeðilegar ástæður fyrir hegðun þessarar stjórnlausu, lötu og alfarið erfiðu tegund.

VÍSINDAMAÐUR 1

Hér má sjá rannsóknarviðfangsefnið okkar.

Myndband byrjar að spila þar sem klipptar eru saman kynningar á karakterunum. Á meðan lesa vísindamennirnir lýsingu á þeim.

VÍSINDAMAÐUR 1

Vinsælasta stelpa: Vinsælasta stelpa er sú tegund sem ræður öllu. Hana þekkja allir. Engin söguhetja getur sigrað huga okkar og hjörtu án þess að vera kvalinn af einhverjum illgjörnum unglings. Hún setur allar reglurnar í skólanum og eru flestir undir þumlinum á henni. Hún er venjulega með dyggan hóp fylgjenda, t.d. Auka stelpurnar og þá sem telja sig too cool for school. Hún er alltaf falleg og hún kemur næstum alltaf frá auðugri fjölskyldu.

Svefn er öllum lífsnauðsynlegur, en það er sérstaklega mikilvægt fyrir krakka og unglings, því það er í svefni sem heiladingullinn að losa þig við mikilvægt vaxtarhormón, sem er nauðsynlegt til þroska. En vinsæla stelpa á erfiðara með að sofa og er því virkilega skapstýgg. Venjulegur svefnhringur manneskju stjórnast af losun kortisóls, sem hjálpar þér að vakna, og melatónín, sem hjálpar þér að á þér niður og slaka á þegar dimmt verður. En þessi líffraeðilega ástæða tímasetningu svefns breytist þegar við eldumst og þegar við verðum kynþroska færast

svefnklukka unglunga. Flestir fullorðnir byrja að framleiða melatónín um kl. 10 að kvöldi, en rannsókn okkar sýndi að vinsæla stelpa byrjar ekki að framleiða melatónín fyrr en klukkan 1! Það gerir það að verkum að hún sefur eiginlega ekki neitt og því er hún skapstóri tegund af unglungi.

VÍSINDAMAÐUR 2

Auka stelpurnar: Auka stelpurnar eru tegund sem telst hluti af vinsæla hópnum en er ekki efst í píramídanum. Þær eru yfirleitt staðlað fallegar og vondar, heimskar eða í besta falli barnalegar. Þær taka oft þátt í að leggja nördana í einelti. Ef þær eru lauslátar er ekki borin virðing fyrir þeim.

Við áttuðum okkur fljótt á því að það tekur heilann hjá auka stelpunum lengri tíma að þroskast að fullu. Heilinn okkar er orðinn 95% af fullri stærð þegar við erum bara sex ára - en tengingarnar í heilanum eru ekki búnar að þroskast og vaxa. Hvað þá hjá auka stelpunum. Fullorðnir vita eiga auðveldara með að taka ákvarðanir með því að vega og meta afleiðingar. Þeir gera þetta með framheilanum sem ber ábyrgð á að stjórna hvötum og tilfinningum og taka heilbrigðar ákvarðanir. Taugafrumur framheilans spjalla við taugafrumur á öðrum svæðum í heilanum og þær samstillast sig. Málið er að heili unglunga virka ekki alveg svona ennþá. Framheilinn er ekki að fullu þróaður fyrr en þú ert kominn á miðjan tvítugsaldur. Auka stelpurnar eru enn verr settar en aðrir unglungar sem þar af leiðandi þýðir að tengingarnar í heilanum á þeim eru vanþroskaðar og því geta þær ekki tekið heilbrigðar, réttar og gáfulegar ákvarðanir.

VÍSINDAMAÐUR 1

Nördinn: Nördar eru elskulegir með ástríðu fyrir hljóðfærum, Star Trek, vísindum, eru snjallir, skara fram úr í stærðfræði, kunna nýjustu Star Wars myndina utan að og eru ekki góðir í mannlegum samskiptum sem gerir það ómögulegt fyrir þá að ná góðri félagslegri stöðu. Þeir hafa hlotið þá hræðilegu ógæfu að klæðast sannarlega skelfilegum einkennisbúningum. Fötin þeirra eru ekki í nýjustu tísku og líta þeir út fyrir að vera klæddir af móður sinni sem er ekki með góðan stíl. Unglingar af þessari tegund flokkast yfirleitt ekki undir fallega unglunga nema þegar um kvenkynsnörd er að ræða. Hún þarf yfirleitt bara make-over og þá er búið að bjarga henni. Nördar verða yfirleitt ríkir í framtíðinni og upplifa því uppreista æru þegar allir vinsælu þrá að vera vinir þeirra þegar þeir eru fullorðnir.

Nördinn, eins og aðrar tegundir unglingsins, er alfarið stjórnað af hormónum. Hormónar eru það efni sem kirtlar framleiða sem stýrir hegðun okkar. En þar sem nördinn er óheppinn er að kirtlarnir hans og nýrnahettur offramleiða andrógen, sem kallar fram vaxtarvirgni fitukirtla húðarinnar og gerir húðina feitari. Í okkar rannsóknnum fundum við sannanir fyrir því að þessi hormón hömluðu líkamlegri getu og hreyfigetu hans. Það gerir það að verkum að gáfur hans eru virkari en hormónar sem stuðla að stækkun líkamans og félagslegri virkni eru í lágmarki.

VÍSINDAMAÐUR 2

Samkynhneigði strákurinn: Samkynhneigði þessarar tegundar hefur ekkert að gera með hegðun hans. Í raun og veru vitum við ekki hvar við eigum að flokka þennan einstakling. Hann reynist vera samkynhneigður, með flotta heilastarfsemi og mjög góða líkamsbyggð en við vitum

hreinlega ekkert hvað við eigum að gera við hann. Það þýðir samt ekki að rannsóknin okkar sé gölluð. Nei alls ekki.

VÍSINDAMAÐUR 1

Nei bara alls ekki. Er þetta ekki bara undantekningin sem sannar regluna?

VÍSINDAMAÐUR 2

Jú segjum það.

VÍSINDAMAÐUR 1

Feimna stelpa: Heilnæma fallega stelpa í „næsta húsi“ er tegundin sem aðalgaurarnir girnast. Hún er alltaf falleg, hávaxin og ljósahærð en hún flaggar því ekki og gerir sér líklega ekki grein fyrir því hversu falleg hún er í raun og veru. Hún er yfirleitt strákastelpa sem er klaufsk sem gerir það að verkum að okkur líkar frekar vel við hana því hún tekur ekki of mikið pláss. Hún er gáfuð, góðhjörтуð og fer alltaf eftir reglunum.

Feimna stelpa er einstaklega heppninn unglingur því frumur framheilans eru mjög hraðvirkar. Þær eiga mun auðveldara með að gera tengingar og taugafrumurnar samstillta sig hratt. Þess vegna spilar hún á hjóðfæri, stundar íþróttir, skrifar ljóð og lærir önnur tungumál því frumurnar eru að forrita heilann til að taka hið fullkomna form.

VÍSINDAMAÐUR 2

Vandræða unglingurinn: Vandræða unglingurinn eða the rebel gengur um í leðurjakka, á kannski mótorhjól og skrifar um sólsetur í dagbókina sína sem enginn fær að sjá. Þessi unglingur er uppreisnarseggur og er alltof kúl fyrir skólann og oftast en ekki skrópar hann og reykir sígarettur eða jafnvel eitthvað sterkara. Þessi tegund er líklega einfari og umkringir sig ekki vinum. Stelpur elska karlkyns rebel þó svo að það sé þeim ekki heilbriggt að eltast við hann.

Tilfinningaheilinn og rökheilinn eru ekki alveg tengdir ennþá hjá elsku vandræða unglingnum okkar. Það gerir honum erfiðara um vik að vinna í úr tilfinningum. Þar af leiðandi sýnir hann enn hvatvísari hegðun en almennur unglingur og tekur meiri áhættu en jafnaldrar sínir. Hann er líklegastur til að gera tilraunir með hvað sem er, t.d - áfengi, eiturylf, ofbeldi og svo framvegis. En það sem verra er að heili unglinga er viðkvæmastur fyrir varanlegum skaða og því er hann í mestum áhættuhópi að heilinn verði að eilífi óþroskaður.

VÍSINDAMAÐUR 1

Too cool for school: Þessi tegund reynir allt til að láta líta út fyrir að vera sama um allt.

Algengasta einkenni þessarar tegundar er líst sem heilalaus trölfi sem vinsælasti hópurinn stjórnar en er samt hluti af þeim hópi. Hann notar krafta sína til að niðurlægja nördana. Þessi tegund er grínisti sem er einfaldlega örvæntingarfullur eftir athygli þó svo að hann þykist ekki vilja hana. Yfirleitt stunda þeir skaðlaus uppátæki sem koma öðrum til að hlæja eða reynir sem minnst að kippa sér upp við ef einhver annar kemur hópnum til að hlæja. Já og hann saggar.

Umbunarmiðstöðvar heila hjá too cool for school eru ofvirkar og þroskast í raun of snemma. Ef hann sér möguleikann á að fá mikla umbun eins og t.d. Hlátur frá vinum eða viðurkenningu um að hann sé cool, lýsir heilinn á honum eins og jólasería á MRI tækinu okkar.

En ef umbunin virðist vera lítil bærðist ekki á taugafrumunum. Hrós frá kennara - yppir hann öxlum. Viðurkenningatitillinn vinsælasti strákurinn - og heilinn á honum logar eins og Las Vegas.

VÍSINDAMAÐUR 2

Íþróttatýpan: Þessi tegund er alltaf í íþróttafötunum. Hún hreyfir sig villt og galið og er helmössuð. Hún er alltaf á æfingum og nýtir frímínúturnar í að taka armbeygjur. Þessi tegund er stundvís, regluföst og virðist utan frá vera með allt á hreinu.

Málið með íþróttatýpunna er sú að hormónaflæði heilans út í vöðvana er fullkomin. Í raun þarf íþróttatýpan að passa sig að verða ekki of mössuð því vöðvarnir hjá henni mjög stækka mjög hratt við þjálfun og það á sér ekki stað venjulegur vöxtur eins og þegar við stækkum, heldur er í raun um ofvöxt (e. hypertrophy) að ræða þar sem rúmmál vöðvans eykst fyrst og fremst vegna frumustækkunar en ekki frumufjölgunar. Þetta gerir það að verkum að heilinn vinnur dag og nótt í að stækka vöðvana og hefur ekki mikla orku til að gera neitt annað.

VÍSINDAMAÐUR 1

Emo unglingurinn: Emo unglingarnir eru ekki nógu klárir til að vera nördar. Þeir eru örugglega ekki í vinsælum hópi þar sem þessi hópur krakka sem virðist bara ekki passa inn neins staðar. Þessa tegund er erfitt að skilgreina en má þekkja á einkennum eins og að vera stöðugt misskilinn, skrytnir, klæðast svörtum fötum, nota stundum varalit og hlusta á árásgjarna tónlist. Þeirra örlög og saga endar alltaf á því að það skiptir ekki máli hversu skrytinn unglingur þú ert svo lengi sem þú finnur vini sem samþykkja þig.

Rannsóknir á vandræða unglingnum gaf heldur betur skemmtilegar niðurstöður. Við tengdum hann við MRI tækið okkar og sýndum honum ljósmyndir og báðum hann um að bera kennsl á röð svipbrigða og tjáningu á andlitum fullorðinna. Hann taldi að andlitin sem í raun sýndu reiði, manneskju sem var hissa eða í áfalli. Ekki nóg með það þá notaði hann ekki rökhluta heilans heldur tilfinningaheilann sinn. Það segir okkur að heilinn hans kunni ekki að skynja svipbrigði nægilega vel og þess vegna er hann svona tilfinningaríkur.

VÍSINDAMAÐUR 2

Greta Thunberg týpan eða aktivistinn: Að lokum er það litli aktivistinn okkar. Hún brennur fyrir umhverfinu og gerir hvað sem hún getur til þess að bjarga komandi kynslóðum. Hún klæðist einungis fötum sem hafa verið framleidd úr umhverfisvænum efnum, er vegan og hjólar í stað þess að keyra, sigla eða fljúga. Já og hjólið er búið til úr endurunnu áli og koltrefjum.

Þessi tegund er háþróuð. Tilfinninga og rökheilinn er fullþróaður frá þriggja ára aldri. Í raun er líkaminn að reyna að halda í við þróun heilans en getur það ekki. Hún er fullorðin manneskja í unglunga líkama. Hún er Stephen Hawking með bólur. Hún er Jane Goodall með kæsta hormóna svitalykt. Það getur enginn stoppað hana og mun hún líklegast sigra heiminn.

VÍSINDAMAÐUR 1

Unglingar eru yfir höfuð latir, allt of tilfinningaríkir, skapstórir og óþolandi í alla staði og erum við með lausnina við því. Hér höfum við þróað viðtalsmeðferð sem við teljum að muni breyta unglingnum úr skapstygguum dýrum yfir í undirgefna og mótþróausa einstaklinga.

VÍSINDAMAÐUR 2

Þessar spurningar eiga að ögra heila unglingsins og þar af leiðandi breyta hormónastarfsemi þeirra alfarið. Von okkar er sú að eftir áratugi af þrotlausum rannsóknum getum við algjörlega útrýmt unglingsnum.

Vísindamenn spyrja karakterana sitt á hvað og þau svara einlægt en ekki í samræmi við stereótýpurnar sem vísindamennirnir voru búnir að setja fram. Þeir verða vandræðalegir og órólegir því þessi meðferð virðist ekki virka. Unglingar gera uppreisn.

Spurningar fyrir karakterna og karakterar svara:

1. Afhverju læturú svona?
2. Ef þú gætir tekið lyf til að hætta að vera unglingsur, myndir þú gera það?
3. Hvað heldur þú að sé að þér?
4. Hvað heldur þú að sé tilgangur unglings?

Leikarar spinna svör í samræmi við karakterna að vera einlægir.

Uppreisnarsena.

Unglingar skiptast á að tala.

FEIMNA STELPAN

Svona á að gera til búa til eina sögu, einhliða frásögn. Sýna fólk á einn hátt, einungis einn hátt, aftur og aftur og aftur. Á endanum ræður frásögnin því hvað það er sem fólk verður.

VANDRÆÐA UNGLINGURINN

Vald er sá eiginleiki sem gefur manneskju hlutverk sögumannsins. Að ráða hvað er sagt um manneskjuna og ekki bara segja sögu hennar, heldur gera hana að endanlegri og einu sögu viðkomandi og þess hóps sem hún tilheyrir.

VINSÆLASTA STELPAN

Vísindamennirnir hérna setja fram og segja sögu okkar á þann máta að við séum séu tiltekin tegund. Taka valdið sem þeir hafa til að skilgreina unglingsinn og draga því upp einhliða mynd af okkur.

SAMKYNHNEIGÐI STRÁKURINN

Vísindamaðurinn sagði við mig í byrjun rannsóknarinnar að það væri svo leiðinlegt að allar fallegar vinsælar stelpur væru svo miklir eineltisseggir. Það hafi hann séð í „Mean Girls“. Ég svaraði honum á þá leið að það væri synd að allt fullorðið fólk væru raðmorðingjar því ég sá það í „American Psycho“ En mér hefði aldrei dottið í hug að hugsa þannig um fullorðnar manneskjur þótt ég hafi séð mynd þar sem aðalpersónan væri raðmorðingi hefði ég aldrei talið að hann væri

á einhvern hátt fulltrúi allra fullorðinna. Ég átta mig á þessu. Ekki vegna þess að ég er betri manneskja en þessi vísindamaður, heldur vegna menningarlegs og efnahagslegs valds fullorðinna gat ég séð margar mismunandi sögur og frásagnir af fullorðnu fólki.

TOO COOL FOR SCHOOL

Sögur skipta máli. Margar sögur skipta máli. Margar mismunandi frásagnir og orðræða skipta máli. Einhliða frásagnir hafa verið notaðar til að svipta og rógbera hópa fólks mennsku sinni og virðingu, en einnig er hægt að nota sögur til að efla, styrkja og manngera þessa hópa. Einhliða frásagnir búa til fordóma. Rásisma, hinsegin fordóma, fötlunarfórdóma og svo mætti lengi telja.

Unglingar stíga fram og segja frá staðreyndum og skoðunum sínum. Notast við myndirnar úr ljósmyndaverkefninu.

ÍÞRÓTTATÝPAN

Sögur geta brotið niður mannlega reisn þjóðar en sögur geta einnig upphafið þá þjóð. Ef þið hefðuð gengið hér út án þess að heyra okkar hlið á sögunni væruð þið ekki með góða ímynd af unglungum.

GRETA THUNBERG TÝPAN

Við viljum ekki bara eina sögu. Við viljum margar sögur og frásagnir af fólki. Þegar við höfnum einhliða frásögnum, þegar við gerum okkur grein fyrir því að það er aldrei bara til ein saga um einhvern hóp fólks, þá eignumst við saman einskonar paradís.

(texti frá Auðunni)

Vísindamenn 1 og 3 hlaupa inn með blöð á meðan vísindamaður 2 þakkar niður dótinu sínu.

VÍSINDAMAÐUR 1

Hey! Ég er með blöðin (niðurstöðurnar) sem örugglega virka á tání..... (ætlað að segja táníngana en vísindamaður 2 grípur fram í).

VÍSINDAMAÐUR 2

Gleymdu þessu maður!

VÍSINDAMAÐUR 3

En.... hvað með 20 milljón foreldra sem þurfa þetta?

VÍSINDAMAÐUR 2

Já, þessir 20 milljón foreldrar þurfa ekki að laga unglungana sína. Þau geta kannski hlustað á krakkana svo þau eyðileggi ekki börnin sín. Ég meina hvar eru börnin þín í kvöld?

Vísindamaður 2 fer út af sviðinu

VÍSINDAMAÐUR 1

Mjeh rétt hjá þér, þau eru öll komin í Miðflokkinn.